

Jafnréttisáætlun Kársnesskóla 2018 - 2021

Stefna Kársnesskóla er að gætt skuli jafnréttis milli kynja, að hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður skuli metinn á eigin forsendum. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún kann að birtast og er það stefna skólans að útrýma slíkri mismunun. Stefnan grundvallast af á ákvæðum laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og er í samræmi við jafnréttisstefnu Kópavogsbæjar.

Jafnrétti til náms

Lögð er áhersla á réttindi og skyldur, gagnkvæma virðingu og jákvæð samskipti kynjanna í öllum verkefnum og starfsháttum.

Kennsla og viðfangsefni skulu vera fjölbreytt og höfða jafnt til drengja sem stúlkna.

Jafnréttisfræðsla skal fara fram í öllum árgöngum skólans.

Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi í öllum námsgreinum og kennsluháttum.

Ábyrgð

Skólastjóri Kársnesskóla ber ábyrgð á framkvæmd og að jafnréttisáætluninni sé framfylgt. Skólastjóri skal kynna starfsfólki áætlunina á hverju skólaári.

Allt starf skólans skal taka mið af jafnréttisáætluninni, hvort sem um er að ræða nám, kennslu, stefnumótun, stjórnun, ákvarðanir eða áætlanir.

Starfsmenn

Laus störf

18.gr, 20.gr.

Laus störf við Kársnesskóla skulu standa bæði konum og körlum til boða. Leitast skal við að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum (undantekning þegar ráðið er í baðvörslu). Í auglýsingum skulu karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um og skulu auglýsingarnar höfða til beggja kynja. Við ráðningu skal það kyn sem er í minnihluta í starfi því sem auglýst er eftir, að öðru jöfnu ganga fyrir ef um er að ræða jafnhæfa einstaklinga.

Starfsþjálfun og endurmenntun

20.gr.

Stjórnendur Kársnesskóla skulu tryggja að starfsþjálfun og endurmenntun standi jafnt konum og körlum til boða. Í símenntunaráætlun skal þess gætt að að tilboð séu við hæfi beggja kynja og allir starfsmenn skulu hvattir til þess að sækja námskeið eða aðra endurmenntun sem að nýtist þeim í starfi.

Laun

19.gr.

Í Kársnesskóla ríkir jafnlaunastefna. Konur og karlar skulu fá sömu laun og njóta sömu kjara fyrir sömu störf.

Konur og karlar skulu hafa jafna möguleika á launuðum viðbótarstörfum innan skólans.

Samræming starfs og einkalífs

21.gr.

Starfsfólki Kársnesskóla af báðum kynjum skal gert kleift að samræma starfsskyldur sína og skyldur gagnvart fjölskyldu.

Starfsmenn fá notið sveiganleika í starfi, gera skal báðum kynjum kleift að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum barna, maka eða foreldra. Ekki skal líta á það sem mismunun að tekið sé tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar. Karlar skulu hvattir til að nýta sér rétt til feðraorlofs til fulls.

Áreitni og einelti

22.gr.

Starfsfólk Kársnesskóla skal ekki verða fyrir kynbundnu ofbeldi, kyndbundinni eða kynferðilegri áreitni á vinnustað. Því eru fyrirbyggjandi aðgerðir og ákveðin viðbrögð nauðsynleg.

Starfsmenn skólans þurfa að vera meðvitaðir um ábyrgð og leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynbundið ofbeldi, kynferðislega áreitni eða einelti. Ábendingum um slíkt skal komið til skólastjórnenda sem bera ábyrgð á koma málinu í farveg.

Nemendur

Jafnréttisfræðsla

23.gr.

Í Kársnesskóla skulu nemendur eiga kost á jafnréttisfræðslu á öllum stigum.

Samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla er jafnrétti einn af grunnþáttum menntunar. Jafnréttisfræðsla fellur undir samfélagsgreinar, lífleikni og íslensku svo og aðrar námsgreinar. Nýta skal tilboð utanaðkomandi um jafnréttisfræðslu, hvort sem fræðslan varðar jafnrétti kynja, kynhneigð, uppruna, aldur, fötlun eða annað.

Fræðsla um jafnrétti og mannréttindi er hluti af lífsleiknikennslu skólans.

Allir nemendur Kársnesskóla skulu hafa jöfn tækifæri til náms og möguleika á því að taka þátt í öllu skólastarfi.

Námsgögn

23.gr.

Skoða skal með gagnrýni námsefni og námsgögn sem sýna staðlaðar kynjaímyndir eða mismun kynjanna. Einnig skal gæta þess að námsefni halli ekki á einstaklinga eða hópa á grundvelli þjóðernisuppruna, kynhneigðar, aldurs né fötlunar.

Náms- og starfsfræðsla

23.gr.

Nemendur skólans fái tækifæri til að kynna störfum og möguleikum þess að velja sér framtíðarstarf án tillitis til kyns. Leitast skal við að búa nemendur undir jafna þátttöku í samfélaginu, í atvinnu og fjölskyldulífi.

Námsráðgjafi í Kársnesskóla ber ábyrgð á starfskynningum í Kársnesskóla.

Áreitni og einelti

22.gr.

Allir starfsmenn Kársnesskóla skulu vera meðvitaðir um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik varðandi kynbundið ofbeldi, kynferðislega áreitni eða einelti. Ábendingum um slíkt skal komið jafn fljótt og auðið er til skólastjórnenda sem bera ábyrgð á koma málinu í farveg.

Umsjónakennarar bera ábyrgð á því að nemendur hljóti fræðslu um kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni og að nemendur séu meðvitaðir um hvert þeir geti leitað komi slíkt upp.

*áætlunin endurskoðuð og uppfærð í október 2018